

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Selfossi.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorp-eyðingargjald).

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 4.500 á íbúð.  
 Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
- |            |             |
|------------|-------------|
| Flokkur 1  | kr. 5.600   |
| Flokkur 2  | kr. 11.300  |
| Flokkur 3  | kr. 16.900  |
| Flokkur 4  | kr. 33.800  |
| Flokkur 5  | kr. 56.300  |
| Flokkur 6  | kr. 84.400  |
| Flokkur 7  | kr. 112.500 |
| Flokkur 8  | kr. 140.600 |
| Flokkur 9  | kr. 168.750 |
| Flokkur 10 | kr. 196.900 |

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 168/1994 fyrir sorphirðu á Selfossi.

*Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*